TESTOFA OG JAPÖNSK LEIRKER

haft umsjón með uppsetningu sýningarinnar, en Kristín stundaði nám í hönnun og leirkeragerð í Japan á árunum 1976–1981. Hún segir að sýningin sé í eigu The Japan Foundation, sem er stofnun í Japan rekin sameiginlega af einkafyrirtækjum og japanska ríkinu og tilgangur hennar er að kynna japanska menningu á erlendri grund. Á sýningunni eru 65 gripir eftir nær jafnmarga leirkerasmiði og er henni ætlað að gefa góða yfirsýn yfir það sem er að gerast í hefðbundinni leirkeragerð á 20. öld. Sérstök áhersla er lögð á að sýna verk eftir fremur unga leirkerasmiði, þ.e. á fertugs- og fimmtugsaldri, en einnig eru á sýningunni verk eftir mikla meistara og þ. á m. Shoji Hamada sem tilnefndurvar„„þjóðargersemi“ japanska ríkisins í lifanda lífi. Hamada er talinn hafa haft hvað mest áhrif á þróun og tilvist listiðnaðar á þessari öld, bæði í Japan og í hinum vestræna heimi. Það leiðir af líkum að verðmæti gripanna á þessari sýningu skiptir milljónum.

Kristín segir að hefðbundin japönsk leirkeragerð hafi ávallt haft sterk tengsl við daglegt líf fólks. Notagildi og leirmunagerð hafi alltaf verið samofin. Það er ekki fyrr en á þessari öld sem leirkerasmiðir í Japan fóru að spreyta sig á ýmsum formum, sem höfðu skreytingar- eða tjáningargildi. „Það má kannski skipta þessu í þrennt,“ segir Kristín. „Það eru í fyrsta lagi þeir sem kjósa að vinna í hefðbundnum stíl með hefðbundinni tækni. Í öðru lagi eru þeir sem vinna með hefðbundinni tækni en fást við nýstárleg form og útlit. Í þriðja lagi eru þeir sem halda sig við gömlu formin og útlitið en notfæra sér nútímatækni við vinnsluna.“

Þegar minnst er á hefðir sem ná langt aftur er skemmtilegt að sjá að einn leirkerasmiðurinn á sýningunni ber nafnið Kakiemon þrettándi. Það merkir einfaldlega að hann er þrettándi ættliðurinn sem vinnur við leirmunagerð. Kakiemon-fjölskyldan er þekktust fyrir að hafa um langan aldur búið að leyndardómnum um hvernig ná ætti fram rauðum lit við leirbrennslu. Nú er leyndarmálið upplýst með aðstoð efnafræðinnar en rauði liturinn er engu að síður vörumerki Kakiemon-fjölskyldunnar.

Eitt af því sem vafalaust vekur athygli sýningargesta í Norræna húsinu er japanska testofan sem sett hefur verið upp í sýningarsalnum. Kristín segir að þeim hafi fundist nauðsynlegt að gefa áhorfendum innsýn í þessa aldagömlu athöfn; tesiðaathöfnina, þar sem saga hennar er samofin sögu leirkeragerðarinnar í Japan síðustu aldir. Tesiðaathöfnin rekur upphaf sitt til Muromachi-tímabilsins í Japan 1394–1573 þegar herforingjar skiptu landinu á milli sín og herlög giltu. „Þá þróaðist þessi athöfn sem byggðist á því að herforingjar og fjölskyldur þeirra söfnuðust saman og drukku te og settu sér ákveðnar reglur um hegðun og umhverfi við athöfnina. Umræðuefni máttu ekki snúast um neitt sem var utan herbergisins, kyrrð og friður varð að ríkja og allir hlutir sem umhverfis voru urðu að minna á athöfnina. Athöfninni stjórnaðu síðan tesiðameistarar sem í tímans rás höfðu mikil áhrif á þróun leirmunanna sem notaðir eru við tedrykkjuna. Þessi athöfn hefur höfðað til ýmissa þjóðfélagshópa og er mikið stunduð í dag en hliðstæðuna við tedrykkju herforingjanna á miðöldum er kannski að finna í tesiðaathöfnum japanskra iðnjöfra sem leggja mikið upp úr þessari athöfn.“

HS

Sakaida Kakiemon þrettándi (1906–1982), leirskál með lituðu blómamynstri. Rauði liturinn er vörumerki ættarinnar í fjórtán kynslóðir.



Kjarvalsstaðir stokkaðir u

Talsverðra breytinga sér nú stað innanhúss á Kjarvalsstöðum en í sumar hefur staðið þar yfir endurskipulagning á nýtingu á hluta hússins og vegur þar þyngst breyting á kaffistofu fyrir gesti hússins. Kaffistofan hefur verið færð í enda Austurforsalar en með því móti opnast nýir möguleikar til sýningahalds í miðskipi hússins, þar sem kaffistofa var áður. Þar verður í dag opnuð í fyrsta sinn sýning og eru það abstrakt höggmyndir Ásmundar Sveinssonar sem vígja þetta nýja sýningarrými. Þrjár aðrar sýningar verða einnig opnaðar á Kjarvalsstöðum í dag; 60 teikningar Alfreðs Flóka í eigu Listasafns Reykjavíkur, fjórir ungir höggmyndalistamenn opna samsýningu og Tróndur Patursson frá Færeyjum opnar sýningu á glerlistaverkum.

Gunnar Kvaran forstöðumaður Listasafns Reykjavíkurborgar segir ýmissa annarra breytinga að vænta á Kjarvalsstöðum í vetur og á næsta ári, en sýningahald verður frá næstu áramótum alfarið á vegum stjórnar Kjarvalsstaða. Þá er í bígerð opnun bókasafns og rannsóknaaðstöðu á öllum þeim fjölda gagna sem eru í eigu safnsins varðandi Kjarvalssafn og Erró-safnið.

Viðurkenna samkeppnina

„Þetta er í rauninni grundvallarbreyting sem verður á allri notkun hússins,“ segir Gunnar og bendir á að eldhús og rými því fylgjandi sé nægilega stórt til að taka við sem bókasafn. „Þá ætlum við að nýta fundarherbergið sem hér er til kynningar á forgengilegri list, s.s. myndasýningar af performönsum og innsetningum ásamt hugsanlegum fyrirlestrum um ýmis efni.“

Segja má að breytingar þessar á Kjarvalsstöðum séu í samræmi við breytta hugsun á síðustu árum gagnvart listasöfnum og gestum þess; til hvers fólk sæki söfn og sýningar og hvað það vilji fá útúr heimsóknninni. „Listasöfn þjóna ýmsum þörfum fólks öðrum en þeirri einni að svala listþörf þess. Fólk kemur til að gera sér dagamun, njóta tímans sem það dvelur í safninu og þá skipta hlutir eins og veitingaaðstaða og góð sæti ekki minna máli en margt annað. Það má nánast segja að fæstir komi gagngert og eingöngu til að njóta listaverkanna, það er öll minningin um heimsóknina í safnið sem skiptir máli og við verðum að hugsa fyrir.“

Þessi áhersla á umhverfi og andrúmsloft innan safnsins er vísbending um þá samkeppni sem orðin er um hylli sýningargesta á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Listasafn Íslands og Hafnarborg í Hafnarfirði hafa lagt áherslu á þessa þætti með góðum árangri undanfarin misseri og Kjarvalsstaðir hafa satt að segja farið halloka hvað þetta varðar. Nú verður breyting þar á og um leið er verið að viðurkenna mikilvægi þessa þáttar í rekstri listasafna nútímans. Eins konar áhersla á „heildarupplifun“.


Listræn stefnubreyting

En þó kaffið sé gott og stóllinn mjúkur er samt aðaltilgangur listasafna eftir sem áður að bjóða uppá góða list. Þar ráða auðvitað fleiri en eitt sjónarmið ferðinni og án þess að fara nánar útí þá sálma er stefnubreyting í sýningahaldi framundan og hefur reyndar verið í bígerð um hríð.

„Í vetur verður sú breyting á sýningahaldinu að við munum hætta að leigja út sali hússins til sýningahalds og frá og með áramótum verða allar sýningar á Kjarvalsstöðum á vegum hússins. Rökin fyrir þessari breytingu eru m.a. þau að þetta er aukin þjónusta við listamenn. Við munum nú velja úr röðum allra starfandi myndlistarmanna og bjóða viðkomandi að sýna hér á Kjarvalsstöðum sér að kostnaðarlausu. Það þýðir að Kjarvalsstaðir taka að sér alla umsjón með sýningarhaldinu, kynningar, boðskort o.s.frv. en í stað þess gengur aðgangseyrir til safnsins. Þá mun safnið ekki taka prósentu af seldum verkum á sýningum hér í húsinu. Þetta fyrirkomulag gerir okkur einnig kleift að innheimta aðeins eitt aðgöngugjald að húsinu í stað þess að rukka við hverjar dyr einsog tíðkast hefur og þótt hefur óskemmtilegt.“

Með því ráða alfarið sýningahaldi gefst vissulega tækifæri til að móta stefnu hússins á markvissari hátt. Hver sýning sem kemur í húsið er hugsuð í samhengi við hinar; skapa mótvægi eða samhljóm, sýna breidd eða kafa dýpra í ákveðna átt. Hér er í rauninni verið að taka upp sama fyrirkomulag og tíðkast í opinberum söfnum víðast hvar í Evrópu.

„Við þurfum að jafna hlutföllin milli erlendra og innlendra myndlistamanna. Úr hópi íslenskra myndlistamanna verðum við að gæta þess að velja listamenn af ólíkum kynslóðum, ólíkum stefnum og ólíkum greinum innan myndlistarinnar,“ segir Gunnar. Hann bætir því við að önnur breyting sem verður á sýningahaldinu sé fólgin í því að í Austursal verði ávallt uppi sýning á verkum Kjarvals; „en þar verður skipt reglulega um verk svo gestir geti haft góðan aðgang að hinu mikla safni málverka og teikninga sem eru í eigu safnsins. Frá þessu verða ekki gerðar undantekningar nema um sé að ræða mjög stórar sýningar er krefjast alls rýmisins sem húsið hefur að bjóða.“



Miðskipið. Nýtt sýningarými þar sem áður

Teikningar Alfreðs Flóka

Af þeim fjórum sýningum sem opnaðar verða í dag á Kjarvalsstöðum eru tvær á vegum safnsins og hinar tvær eru einkasýningar ef svo má að orði komast. Fyrsta má nefna sýningu á um 60 verkum (teikningum) Alfreðs Flóka sem eru í eigu Listasafns Reykjavíkur. „Listasafn Reykjavíkur eignaðist á þessu ári mikið safn af teikningum og vinnubókum Flóka. Þetta safn er að hluta til gjöf og að hluta til keypt úr dánarbúi Alfreðs Flóka,“ segir Gunnar. „Þetta mun verða til þess að við munum leggja sérstaka rækt við list Alfreðs Flóka hér í safninu. Alfreð Flóki skipar mjög sérstakan sess í íslenskri myndlist. hann er einn af fáum sem kenndur er við súrrealisma hér á landi en það er kannski dálítil einföldun. Í verkum hans kemur fram mjög persónulegur symbólismi og myndmálið er mjög sérstakt og flókið. Myndir hans eru ríkar af frásögn og það er verðugt rannsóknarefni að einbeita sér að því að lesa myndir hans. Vinnubækur hans veita einnig sérstakt tækifæri til að kynna sér vinnubrögð og hugsun að baki myndunum og þær verða nú aðgengilegar fyrir þá sem vilja rýna sérstaklega í myndgerð Alfreðs Flóka.“

Abstraktverk Ásmundar Sveinssonar

Miðskipið, hið nýja sýningarrými á Kjarvalsstöðum verður vígt með sýningu á abstrakt höggmyndum Ásmundar Sveinssonar. Gunnar segir að með þessu vilji Listasafn Reykjavíkur vekja athygli á list Ásmundar og safni hans í eigu borgarinnar. „Ásmundur er kannski þekktastur fyrir hlutbundnu verkin sín eins og Vatnsberann og Móður jörð en hann fékkst engu að síður við við gerð óhlutbundinna verka frá 1951 til dauðadags. Þau verk urðu þó aldrei fullkomlega óhlutbundin því



„Pe um